

**Útlendingastofnun**  
06 398

**Ársreikningur 2018**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

Útlendingastofnun  
kt. 670269-6399  
Dalvegur 18, 201 Kópavogi

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Útlendingastofnun er ein af undirstofnunum dómsmálaráðuneytisins. Umfangsmesti þátturinn í starfsemi Útlendingastofnunar er útgáfa dvalarleyfa. Útlendingastofnun afgreiðir allar umsóknir um dvalarleyfi, hvort sem um er að ræða dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku eða t.d. fjölskyldusameiningar, námsvistar eða vistráðningar, vegabréfsáritanir og umsóknir um alþjóðlega vernd. Þar fyrir utan sinnir Útlendingastofnun margvíslegum verkefnum á sviði útlendingamála og á þar af leiðandi mikið og gott samstarf við stofnanir á hinum ýmsu sviðum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.


Á árinu 2018 var ársveltan kr. 689,1 milljónir og afkoma kr. 51,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 18,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 73,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Útlendingastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Útlendingastofnunar fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Kópavogur 18.10.2019

Staður, dags.



Forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	3	627.500.000	539.461.017
Seld þjónusta .....	4	129.061	0
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	58.414.154	22.554.070
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	3	3.081.448	1.641.355
<b>Tekjur samtals</b>		<b>689.124.663</b>	<b>563.656.442</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	6	518.582.380	499.192.129
Annar rekstrarkostnaður .....	7	115.953.574	111.282.163
Afskriftir .....		3.081.448	1.641.355
<b>Gjöld samtals</b>		<b>637.617.402</b>	<b>612.115.647</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>51.507.261</b>	<b>(48.459.205)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(75.881)	(71.409)
		(75.881)	(71.409)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>51.431.380</b>	<b>(48.530.614)</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		19.154.893	10.819.914
		<u>19.154.893</u>	<u>10.819.914</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>19.154.893</u>	<u>10.819.914</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		4.960.385	0
Tengdir aðilar .....	9	37.065.924	30.913.644
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	866.298
Handbært fé .....	10	11.886.622	6.460.098
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>53.912.931</u>	<u>38.240.040</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>73.067.824</u>	<u>49.059.954</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		18.464.420	(32.966.960)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>18.464.420</u>	<u>(32.966.960)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	2.815.275	16.417.804
Viðskiptaskuldir .....		5.004.858	20.428.682
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	34.944.805	34.360.514
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	11.838.466	10.819.914
		<u>54.603.404</u>	<u>82.026.914</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>54.603.404</u>	<u>82.026.914</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>73.067.824</u>	<u>49.059.954</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		51.431.380	(48.530.614)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	0	3.081.448	1.641.355
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(3.081.448)	(1.641.355)
		<u>51.431.380</u>	<u>(48.530.614)</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(4.094.087)	(287.609)
Tengdir aðilar .....		(19.754.809)	10.624.509
Skammtímaskuldir .....		(14.839.533)	3.989.796
		<u>(38.688.429)</u>	<u>14.326.696</u>
		<u>12.742.951</u>	<u>(34.203.918)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(11.416.427)	(5.538.983)
		<u>(11.416.427)</u>	<u>(5.538.983)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		4.100.000	5.538.983
		<u>4.100.000</u>	<u>5.538.983</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		5.426.524	(34.203.918)
		<u>6.460.098</u>	<u>40.664.016</u>
		<u>11.886.622</u>	<u>6.460.098</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## Skýringar

	2018	2017
<b>3 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	627.500.000	545.000.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(5.538.983)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	627.500.000	539.461.017
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	3.081.448	1.641.355
	<b>630.581.448</b>	<b>541.102.372</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	562.400.000	0	0	562.400.000
Fjáraukalög .....	25.100.000	0	0	25.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	40.000.000	0	0	40.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>627.500.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>627.500.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(576.068.620)	0	0	(576.068.620)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>51.431.380</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>51.431.380</b>

### 4 Seld þjónusta

Verksala .....	2.860	0
Ýmsar þjónustutekjur .....	126.201	0
	<b>129.061</b>	<b>0</b>

### 5 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild .....	53.000.965	22.554.070
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	5.140.189	0
Ýmsar tekjur .....	273.000	0
	<b>58.414.154</b>	<b>22.554.070</b>

### 6 Laun og launatengd gjöld

Laun .....	416.160.313	391.645.136
Orlof, breyting .....	4.303.667	13.167.070
Launatengd gjöld .....	94.982.337	88.928.362
Starfsmannakostnaður .....	3.136.063	5.451.561
	<b>518.582.380</b>	<b>499.192.129</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	54,7	74,7
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2018	2017
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.024.501	4.413.752
Byggingarvörur, almennar .....	168.186	455.314
Byggingarvörur, aðrar .....	21.119	16.618
Tæki og búnaður til innréttinga .....	105.994	21.680
Ýmis tæki og áhöld .....	885.156	1.878.135
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	25.420	9.541
Orkugjafar .....	3.009.662	1.011.826
Matvæli .....	11.402.517	12.809.410
Almennar rekstrarvörur .....	615.614	1.262.362
Vörukaup, almenn	19.258.169	21.878.638
Kennslu- og fündurvörur .....	22.192	27.642
Ýmsar sérgreindar vörur .....	0	16.951.208
Vörukaup, sérgreind	22.192	16.978.850
Fundir, námskeið, risna .....	1.144.653	798.261
Ferðir, uppihald .....	4.431.658	3.830.505
Akstur .....	912.835	888.366
Sérfræðiþjónusta .....	8.878.374	12.388.513
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	435.519	493.328
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	592.657	442.434
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	5.207.292	4.475.119
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	21.602.988	23.316.526
Afnotagjöld .....	6.528.602	7.327.888
Leigugjöld .....	36.030.077	9.086.119
Notkun véla og flutningatækja .....	482.040	1.422.674
Verkkaup .....	13.615.666	18.319.995
Kostnaðarhlutdeild .....	18.347.760	12.925.800
Áhættutap og bætur .....	40.000	0
Opinber gjöld .....	26.080	25.673
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	75.070.225	49.108.149
Annar rekstrarkostnaður samtals	115.953.574	111.282.163
	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	19.154.893	10.819.914
	19.154.893	10.819.914
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:		
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Samtals</b>
Staða 1.1.2018 .....	18.784.669	18.784.669
Viðbætur á árinu .....	11.416.427	11.416.427
	30.201.096	30.201.096
Afskriftir 1.1.2018 .....	7.964.755	7.964.755
Afskrift ársins .....	3.081.448	3.081.448
	11.046.203	11.046.203
Staða 31.12.2018 .....	19.154.893	19.154.893

## Skýringar

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	8.314.150	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	368.366	2.530.236
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	28.383.408	28.383.408
	<u>37.065.924</u>	<u>30.913.644</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	16.417.804
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	2.815.275	0
	<u>2.815.275</u>	<u>16.417.804</u>

### 10 Handbært fé

Sjóðir .....	648.304	59.404
Tékkareikningar .....	11.238.318	6.400.694
	<u>11.886.622</u>	<u>6.460.098</u>

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(32.966.960)	(12.819.754)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar .....	0	28.383.408
Afkoma ársins .....	51.431.380	(48.530.614)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>18.464.420</u>	<u>(32.966.960)</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 28,4 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

	31.12.2018	31.12.2017
<b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	34.896.260	30.592.593
Ógreidd laun .....	0	3.743.543
Önnur ógreidd gjöld .....	48.545	24.378
	<u>34.944.805</u>	<u>34.360.514</u>

## Skýringar

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	19.154.893	10.819.914
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	(7.316.427)	0
	<u>11.838.466</u>	<u>10.819.914</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018 .....	10.819.914	0	10.819.914
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	4.100.000	4.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	11.416.427	(11.416.427)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(3.081.448)	0	(3.081.448)
	<u>19.154.893</u>	<u>(7.316.427)</u>	<u>11.838.466</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 2,7 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til júlí 2026. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 36 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

#### Óafturkallanleg loforð

Á ekki við

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við